

## Akureyrarbær - skipulagssvið

Geislagötu 9, 3. hæð

600 Akureyri

[skipulagssvid@akureyri.is](mailto:skipulagssvid@akureyri.is)

20. janúar 2022

### Efni: Umsögn um skipulagslýsingu vegna Dalvíkurlínu 2

Norðurorka hf. þakkar fyrir að fá tækifæri til að koma fram með umsögn um ofangreinda skipulagslýsingu. Bent er á að vegna þess hversu gróf kortin eru í skipulagslýsingunni og þ.a.l. erfitt að segja nákvæmlega til um áætlaða legu Dalvíkurlínu, er hér um grófa nálgun að ræða og **mikilvægt að haft verði samráð við Norðurorku við áframhaldandi vinnu við skipulag.**

**Hitaveita:** Norðurorka á ekki Hv lagnir á svæðinu sem merkt er, en þó eru lagnir nálægt svæðinu.

Norðurorka stefnir á að leggja nýja lögn frá Skjaldarvík að Hlíðarbraut á Akureyri á árinu 2023 en þar er um að ræða loka áfangann í lagningu Hjalteyrarlagningar sem unnið hefur verið að síðustu ár. Því er rétt að hvetja til samráðs þannig að Landsnet og Norðurorka skoði hvort framkvæmdum við lagnaleið við bæjarmörkin fylgi samlegðaráhrif.

**Vatnsveita:** Stofnlagnir vatnsveitu frá Vöglum til Akureyrar liggja um merкта svæðið, taka þarf fullt tillit til þeirra.

**Rafveita:** Það liggur háspennustrengur þvert á lagnaleiðina rétt norðan við Rangárvelli. Taka þarf tillit til hans.

**Norðurorka óskar eftir nánara samráði þegar kemur að áframhaldandi vinnu við skipulagið á þeim stöðum sem nefndir eru hér að ofan.**

Norðurorka veitir frekari upplýsingar ef eftir því er óskað. Einnig er rétt að minna á kortasjá okkar sem er öllum opin á netinu þar sem hægt er að skoða nánar legu veitulagna á svæðinu. [www.map.is/no](http://www.map.is/no)

Bestu kveðjur,

*Gunnur Ýr Stefánsdóttir*  
Verkefnastjóri á skrifstofu forstjóra